



# **AKUREYRARBÆR**

## **DALSBRAUT, FRÁ ÞINGVALLASTRÆTI AÐ MIÐHÚSABRAUT**

### **BREYTING Á DEILISKIPULAGI - TILLAGA**

### **SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLAR**

**ÚTGÁFA 0.0**

**22.08.2012**

**UNNIÐ FYRIR AKUREYRARBÆ**



|       |                                         |    |
|-------|-----------------------------------------|----|
| 1     | Forsendur .....                         | 4  |
| 1.1   | Almennar upplýsingar.....               | 4  |
| 1.2   | Afmörkun skipulagssvæðis og stærð ..... | 4  |
| 1.3   | Skipulagsleg staða.....                 | 4  |
| 1.4   | Gögn deiliskipulags .....               | 5  |
| 1.5   | Minjar .....                            | 5  |
| 1.6   | Núverandi aðstæður.....                 | 5  |
| 2     | Deiliskipulag .....                     | 7  |
| 2.1   | Dalsbraut .....                         | 7  |
| 2.1.1 | Þörf .....                              | 7  |
| 2.1.2 | Umferðarspá .....                       | 7  |
| 2.1.3 | Lega Dalsbrautar .....                  | 7  |
| 2.1.4 | Hönnunarforsendur.....                  | 8  |
| 2.1.5 | Hljóðvarnir.....                        | 8  |
| 2.1.6 | Stígakerfi.....                         | 8  |
| 2.1.7 | Girðingar.....                          | 9  |
| 2.1.8 | Bílastæði .....                         | 9  |
| 2.2   | Lóðir .....                             | 9  |
| 2.3   | Byggingarreitir .....                   | 10 |
| 2.4   | Veitur .....                            | 10 |
| 2.4.1 | Rafmagn og vatn .....                   | 10 |
| 2.4.2 | Fráveita.....                           | 10 |
| 3     | Almennir skilmálar .....                | 11 |
| 3.1   | Almennt .....                           | 11 |
| 3.2   | Hönnun og uppdrættir.....               | 11 |
| 3.3   | Mæliblöð.....                           | 11 |
| 3.4   | Sorpgeymslur og sorpgámar.....          | 11 |
| 3.5   | Frágangur lóða.....                     | 11 |
| 3.6   | Íbúðarsvæði .....                       | 12 |
| 3.6.1 | Háilundur og Hjarðarlundur .....        | 12 |

|       |                                 |    |
|-------|---------------------------------|----|
| 3.6.2 | Prastarlundur.....              | 12 |
| 3.6.3 | Skógarlundur .....              | 13 |
| 3.6.4 | Grenilundur .....               | 13 |
| 3.6.5 | Kjarrlundur og Barrlundur ..... | 13 |
| 3.6.6 | Birkilundur og Espilundur ..... | 13 |
| 3.6.7 | Einilundur .....                | 14 |
| 3.6.8 | Heiðarlundur .....              | 14 |
| 3.6.9 | Hlíðarlundur .....              | 14 |
| 4     | Umhverfisskýrsla.....           | 16 |
| 4.1   | Áherslur og aðferðarfræði.....  | 16 |
| 4.2   | Kynning og samráð .....         | 17 |
| 4.3   | Umhverfispættir .....           | 17 |
| 4.4   | Umhverfisviðmið .....           | 18 |
| 4.5   | Valkostir .....                 | 19 |
| 4.5.1 | Hagrænir þættir.....            | 19 |
| 4.5.2 | Félagslegir þættir.....         | 20 |
| 4.5.3 | Landslag.....                   | 20 |
| 4.5.4 | Heilsa og öryggi .....          | 20 |
| 4.5.5 | Núll kostur .....               | 21 |
| 4.6   | Tengsl við aðrar áætlanir ..... | 22 |
| 4.7   | Samantekt og niðurstaða .....   | 22 |
|       | Samþykktir.....                 | 23 |
|       | Heimildaskrá.....               | 24 |

## **Breyting á deiliskipulagi, 22.08 2012.**

Deiliskipulag fyrir Dalsbraut, frá Þingvallastræti að Miðhúsabraut var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann 6. desember 2011 og öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 18. janúar 2012.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og skipulagsmála felldi úr gildi uppdrátt fyrir norðurhluta svæðisins, frá Skógarlundi að Þingvallastræti með úrskurði þann 8. júní 2012. Ástæða þess var að ósamræmi var milli deiliskipulagsins og gildandi aðalskipulags.

Breyting á deiliskipulagi felst annarsvegar í því að uppdráttur fyrir norðurhluta svæðisins, frá Skógarlundi að Þingvallastræti bætist við skipulagsgögnin.

Hinsvegar er sú breyting gerð á uppdrætti fyrir suðurhluta svæðisins, frá Miðhúsabraut að Skógarlundi, að hljóðvarnir (jarðvegsmanir) meðfram Dalsbraut lengjast til suðurs, beggja megin Dalsbrautar. Vestan Dalsbrautar lengist jarðvegsmon um 50 m en austan götunnar lengist jarðvegsmon um 150 m. Lenging hljóðvarna er ekki til komin vegna ónógra hljóðvarna við þennan hluta götunnar, heldur vegna óska íbúa að milda ásýnd að götunni.

Breyting á deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

# 1 Forsendur

## 1.1 Almennar upplýsingar

Skilmálar þessir gilda fyrir skipulagssvæðið, en það nær til svæðis umhverfis Dalsbraut, frá Þingvallastræti að Miðhúsabraut á Akureyri (sjá nánar í kafla 1.2).

Hér er lýst almennum upplýsingum um deiliskipulagssvæðið og nágrenni þess.

*Verði breytingar á skilmálum þessum, verður þeirra getið í þessari grein, í þeirri röð sem þær verða afgreiddar. Breytingar verða dagsettar og skilmálarnir fá nýtt útgáfunúmer. Fyrsta útgáfa er ónúmeruð, næsta útgáfa er merkt 0.1 ásamt dagsetningu breytinga og svo framvegis. Texti breytinga og/eða viðbóta er skásettur og svartletraður.*

## 1.2 Afmörkun skipulagssvæðis og stærð

Svæðið sem deiliskipulagið nær til er götustæði Dalsbrautar, frá Þingvallastræti í norðri að Miðhúsabraut í suðri, ásamt nokkrum fullbyggðum íbúðarsvæðum sem liggja að götustæðinu. Íbúðarsvæðin vestan Dalsbrautar eru við Grenilund, Kjarrlund, Barrlund, Hlíðarlund og Heiðarlund. Austan Dalsbrautar eru íbúðarsvæðin við Hjarðarlund, Háalund, Þrastarlund, Espilund, Birkilund og Einilund.

Ástæða þess að þessi íbúðarsvæði eru hluti deiliskipulagsins er að með því verður til deiliskipulag fyrir öll aðliggjandi svæði að Dalsbrautinni og þar með fæst betri heildarmynd af því hvernig Dalsbrautin og stígar meðfram henni tengjast umhverfi sínu. Þá er ekki til deiliskipulag fyrir áðurnefnd íbúðarsvæði, nema fyrir Kjarrlund, Barrlund og Þrastarlund.

Skipulagssvæðið er alls um 20,5 ha að flatarmáli.

## 1.3 Skipulagsleg staða

Í gildi er Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Gert er ráð fyrir að deiliskipulag Dalsbrautar verði í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 er Dalsbraut heimiluð sem *tengibraut* en landnotkun nærumhverfis götunnar er skilgreint sem *óbyggð svæði*. Meðfram Dalsbrautinni austanverðri er í gildandi aðalskipulagi gert ráð fyrir *aðalstíg* fyrir gangandi og hjólandi.

Meginhluti skipulagssvæðisins er skilgreindur í aðalskipulagi sem *íbúðarsvæði*, fullbyggt og fullmótað hverfi á suðurbrekkunni og Lundarhverfi. Tvö lítil svæði eru með aðra landnotkun og eru það annarsvegar 0,3 ha *svæði fyrir þjónustustofnanir* við Skógarlund (hæfingarstöð fatlaðra) og hinsvegar 0,3 ha *opið svæði til sérstakra nota* við Þrastarlund (trjágarður). Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að bæði þessi svæði verði óbreytt.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að með lagningu Dalsbrautar muni leiðir styttest, samgöngur milli hverfa verða greiðari og hugsanlegt er að heildarbílaumferð verði minni en ella.

Jafnframt er í gildandi aðalskipulagi talið mikilvægt að hugað verði að áhrifum Dalsbrautar á yfirbragð hverfisins, hljóðvist og umferðaröryggi í Lundarhverfi.

Innan skipulagssvæðisins er í gildi deiliskipulag fyrir tvö svæði. Annarsvegar er í gildi deiliskipulag fyrir Kjarrlund og Barrlund og hinsvegar fyrir Þrastarlund. Deiliskipulag fyrir þessi svæði ná yfir mjög afmörkuð svæði og verða þau felld úr gildi með gildistöku deiliskipulags fyrir Dalsbraut.

#### **1.4 Gögn deiliskipulags**

*Deiliskipulag Dalsbrautar mun samanstanda af eftirtöldum gögnum:*

- Greinargerð með forsendum, skipulags- og byggingarskilmálum og umhverfisskýrslu. Í viðauka greinargerðar eru umferðar og hljóðskýrslur.
- Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:1000 í A1.
  - Vegna stærðar skipulagssvæðisins og afmörkunar þess munu deiliskipulagsuppdraettirnir verða tveir, annarsvegar fyrir suðurhluta svæðisins og hinsvegar fyrir norðurhluta svæðisins.
- Skýringaruppdráttur á loftmynd í mælikvarða 1:2000 í A1.

#### **1.5 Minjar**

Vegna vinnu við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 var unnin fornleifaskráning í landi Akureyrarbæjar. Engar fornminjar eru skráðar á skipulagssvæðinu.

#### **1.6 Núverandi aðstæður**

Hluti Dalsbrautar er þegar til staðar en upphaf götunnar í norðri er við Borgarbraut og liggur hún þaðan til suðurs að Þingvallastræti. Innan skipulagssvæðisins liggur Dalsbraut frá Þingvallastræti og áfram að aðkomuvegi að Lundarskóla. Frá aðkomuvegi að Lundarskóla liggur vegstæði Dalsbrautar áfram til suðurs að Skógarlundi, á milli lóða við Heiðarlund og Espilund. Fjarlægð á milli lóðarmarka við Heiðarlund og Espilund en um 40 m. Frá Skógarlundi liggur vegstæði Dalsbrautar áfram til suðurs og að Miðhúsabaut, á milli lóða við Háalund, Hjarðarlund og Hörpulund til austurs og Barrlund, Kjarrlund og Grenilund til vesturs. Fjarlægð á milli lóðarmarka á þessum kafla vegstæðisins er 35-40 m. Vegstæði Dalsbrautar er grasi gróið og hefur verið svo frá því að íbúðarsvæðin umhverfis hófu að byggjast upp seint á sjöunda áratugnum.

Svæðið austan vegstæðis Dalsbrautar einkennist meira og minna af einlyftum einbýlishúsum á fremur stórum lóðum, en við Einilund eru þó raðhús sem einnig eru einlyft. Hús þessi eru öll byggð á árabílinu 1968 – 1976 fyrir utan tvílyft einbýlishús við Þrastarlund frá árinu 2001 og tvö sambýli fyrir fatlaða við Þrastarlund og Skógarlund sem eru byggð árin 1943 og 1996.

Vestan vegstæðis Dalsbrautar er meiri fjölbreytni í húsagerð. Við Grenilund eru einlyft parhús með kjallara og eru sum þeirra með risi. Húsin við Grenilund eru byggð um 1980. Við Kjarrlund og

Barrlund eru lítil einlyft parhús með risi frá árinu 1995 og við Heiðarlund eru raðhús á tveimur hæðum sem byggð voru um miðjan áttunda áratuginn. Við Hlíðarlund er raðhús á tveimur hæðum með kjallara sem byggt var árið 1990.

Frekari upplýsingar um íbúðarbyggð innan skipulagssvæðisins má sjá í húsakönnun fyrir Suðurbrekku og Lundarhverfi sem gerð var í tengslum við gerð deiliskipulags Dalsbrautar.

## 2 Deiliskipulag

### 2.1 Dalsbraut

Fyrirhugað er að ráðast í lagningu Dalsbrautar frá aðkomuvegi að Lundarskóla í norðri að Miðhúsabraut í suðri. Hámarkshraði á Dalsbraut frá Þingvallastræti að Skógarlundi verður 30 km/klst. en frá Skógarlundi að Miðhúsabraut verður hámarkshraði 50 km/klst.

#### 2.1.1 Þörf

Skv. skýrslu sem unnin var til að athuga þörf fyrir lagningu Dalsbrautar<sup>1</sup> er Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis ekki nauðsynleg vegna umferðarpunga í fyrirséðri framtíð, en lagning hennar myndi engu að síður draga að sér umferð og því létta á eða a.m.k. draga úr vexti umferðar á öðrum leiðum eins og á Þingvallastræti, Þórunnarstræti og Hlíðarbraut.

Í sömu skýrslu segir að til að stuðla að betri nýtingu á Dalsbraut norðan Þingvallastrætis þarf að greiða fyrir umferð að og frá Dalsbraut. Æskilegt væri að setja umferðarljós á gatnamót hennar við Þingvallastræti. Umferðarljós á þessum gatnamótum henta betur en hringtorg.

Jafnframt er í skýrslunni talið að aðrar ástæður en umferðarpungi kunna að liggja að baki því að menn ákveða að leggja Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis. Augljósasti kostur Dalsbrautar sunnan Þingvallastrætis er að með lagningu götunnar munu leiðir styttest, samgöngur milli hverfa vera greiðari og umferðarkerfi Akureyrar verður heilsteypara sem stuðlar að jafnari dreifingu umferðar.

#### 2.1.2 Umferðarspá

Umferðarspá var gerð fyrir Dalsbraut sunnan Þingvallastrætis árið 2004 og í skammtíamspá hennar er gert ráð fyrir að umferðarpunginn verði u.þ.b. 4 þúsund ökutæki á sólarhring, um fjögur hundruð á hámarksklukkustund. Þegar skammtíamspá var gerð var gert ráð fyrir að hún væri fyrir tímabilið 2014-2018 en vegna hægari uppbyggingarhraða í Naustahverfi en gert var ráð fyrir í spánni má gera ráð fyrir að skammtíamspáin eigi ekki við fyrr en um og eftir árið 2018.

Skv. langtíamspá sem gildir fyrir tímabilið 2022-2026 má gera ráð fyrir að umferð um Dalsbraut í gegnum Lundarhverfi hafi minnkað eitthvað og verði um 3-4 þúsund bílar á sólarhring, en á móti muni umferð um Miðhúsabraut og Hlíðarbraut aukast verulega.

#### 2.1.3 Lega Dalsbrautar

Upphaf Dalsbrautar í norðri er við Borgarbraut og liggur hún þaðan að Þingvallastræti og áfram að aðkomuvegi að Lundarskóla. Á gatnamótum Dalsbrautar og Þingvallastrætis er gert ráð fyrir umferðarljósum. Frá aðkomuvegi að Lundarskóla mun Dalsbraut liggja áfram til suðurs að

---

<sup>1</sup> EFLA verkfræðistofa, mars 2010. *Athugun á þörf fyrir lagningu Dalsbrautar sunnan Þingvallastrætis. Greinargerð.* Unnið fyrir Akureyrarbæ.

Skógarlundi en á gatnamótum Dalsbrautar og Skógarlundar er gert ráð fyrir hringtorgi. Þaðan mun Dalsbraut liggja áfram til suðurs og tengjast Miðhúsabaut um núverandi hringtorg við Kjarnagötu.

#### 2.1.4 Hönnunarforsendur

Á kaflanum frá Miðhúsabaut að Skógarlundi verður breidd Dalsbrautar 7,5 m og gert er ráð fyrir a.m.k. 1 m vegöxlum utan götukanta. Frá Skógarlundi að Þingvallastræti verður breidd Dalsbrautar 7,0 m og á þessum kafla er gert ráð fyrir kantsteinum beggja megin götunnar.

Uppgröftur verður um 1 m undir götuhæð en þar sem gatan verður eitthvað lægri í landi en núverandi landhæð er á svæðinu er talið að grafa þurfi út um 23.600 m<sup>3</sup> af efni úr götustæðinu. Gert er ráð fyrir að og að fyllingarefni undir götuna verði um 16.000 m<sup>3</sup>.

#### 2.1.5 Hljóðvarnir

Skv. skýrslu sem unnin var til að kortleggja hávaða við Dalsbraut m.t.t. umferðarhraða<sup>2</sup> er þörf á hljóðvörnum beggja megin Dalsbrautar, sunnan Skógarlundar, til að ná jafngildishljóðstigi niður fyrir 55 dB við opnanlegan glugga eins og reglugerð um hávaða gerir ráð fyrir. Á þessum hluta Dalsbrautar verður hámarkshraði 50 km/klst. og er þörf á allt að 2,0 m háum hljóðvörnum vegna húsa við Barrlund, Kjarrlund og Grenilund en allt að 1,5 m háum hljóðvörnum vegna húsa vestast við Háalund og Hjarðarlund.

Hljóðvarnir þessar verða jarðvegsmanir með grasyfirborði og gert er ráð fyrir trjágróðri í þyrpingum í og við manirnar. Við báða enda manarinnar vestan Dalsbrautar, við Barrlund 3 og Grenilund 19, verða hljóðveggir í framhaldi af möninni til að ná þeirri hljóðvörn sem þörf er á við umrædd hús.

Austan Dalsbrautar er jarðvegsmönin staðsett á milli götukants og göngustígs en vestan Dalsbrautar verður jarðvegsmönin á milli götukants og lóðarmarka. Við götukant Dalsbrautar verður um 3 m breitt grassvæði að mönunum beggja megin götunnar.

Ekki er þörf á hljóðvörn norðan Skógarlundar en austan til í vegastæðinu er til staðar jarðvegs mön með grasyfirborði sem mun halda sér þar sem hún er utan þeirra marka sem fer undir Dalsbrautina. Á milli manarinnar og lóðarmarka við Espilund er gert ráð fyrir göngustíg.

#### 2.1.6 Stígakerfi

Gert er ráð fyrir 3 m breiðum göngu- og hjólreiðastíg austan Dalsbrautar, frá Þingvallastræti að Miðhúsabaut. Við Þingvallastræti tengist stígurinn inn á núverandi gangstíg sunnan Þingvallastrætis og liggur þaðan meðfram lóðarmörkum fjölbýlishúsa við Víðilund 20 og 24, að núverandi stígum sunnan fjölbýlishúsanna. Stígurinn mun liggja áfram til suðurs á milli lóðarmarka

---

<sup>2</sup> EFLA verkfræðistofa, maí 2010. *Hljóðvist við Dalsbraut, Akureyri. Greinargerð*. Unnið fyrir Akureyrarbæ.

húsa við Espilund og jarðvegsmanar sem er þegar í vegastæði Dalsbrautar á þessu slóðum. Stígurinn þverar Skógarlund um gangbraut og liggur áfram til suðurs á milli fyrirhugaðrar jarðvegsmanar og lóðarmarka húsa við Háalund, Hjarðarlund og Hörpulund. Stígurinn mun tengjast inn á gangstéttar við Háalund og Hjarðarlund og einnig inn á núverandi göngustíg sunnan Hjarðarlundar. Stígurinn liggur áfram til suðurs og mun tengjast núverandi stíg norðan húsa við Holtateig á tveimur stöðum. Stígurinn sveigir til austurs og mun liggja meðfram lóðarmörkum húsa við Holtateig, innan núverandi jarðvegsmanar sem liggur norðan Miðhúsabrautar. Við Mýrarveg tengist stígurinn inn á núverandi stígakerfi. Gönguleiðir sem tengjast aðalstígnum þvera Dalsbraut á sex stöðum og tengjast inn á stígakerfi vestan götunnar. Þveranir með gangbraut eru við gatnamót við Miðhúsabraut, Skógarlund og Þingvallastræti auk þverunnar á móts við núverandi stíg á milli húsa nr. 17/19 og 21/23 við Grenilund. Norðan Skógarlundar eru þveranir með gönguljósum á tveimur stöðum, annarsvegar þar sem núverandi stígur er sunnan núverandi aðkomuvegar að Lundarskóla og hinsvegar við norðurmörk lóðar við Heiðarlund 8.

Gert er ráð fyrir göngustíg í gegnum trjálund sunnan Skógarlundar 1 og mun stígurinn tengjast inn á stíg meðfram Dalsbraut og núverandi stíg meðfram Skógarlundi.

Meðfram Mýrarvegi vestanverðum er gert ráð fyrir göngustíg frá Skógarlundi og áfram til norðurs meðfram lóðarmörkum lóða við Birkilund. Stígurinn mun þvera Einilund með gangbraut og liggja áfram til norðurs meðfram lóðarmörkum við Einilund 1.

Með þessu umfangsmikla stígakerfi um skipulagssvæðið skapast gott aðgengi gangandi og hjólandi um svæðið og tengir stígakerfið mismunandi hluta Lundahverfis saman, auk þess að skapa tengingar við nærliggjandi hverfi.

#### *2.1.7 Girðingar*

KA er með æfingasvæði vestan Dalsbrautar, norðan við Heiðarlund 8. Þar sem æfingasvæði þetta liggur nærri Dalsbraut er kvöð um a.m.k. 3 m háa girðingu á þerri hlið æfingasvæðisins sem snýr að Dalsbraut.

#### *2.1.8 Bílastæði*

Bílastæði skulu almennt vera í samræmi við 64 gr. byggingareglugerðar nr. 441/1998.

Auk núverandi bílastæða innan þegar byggðra lóða innan skipulagssvæðisins er lóð fyrir bílastæði við gatnamót Skógarlundar og Mýrarvegjar, norðan Þrastarlundar 1. Um er að ræða almennt bílastæði sem nýtist m.a. fyrir stærri bíla og kerrur íbúa í hverfinu.

### **2.2 Lóðir**

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsuppdrætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblaðið.

Innan deiliskipulagssvæðisins eru 92 fullbyggðar íbúðarlóðir, ein lóð fyrir sambýli, ein lóð fyrir hæfingarstöð, ein lóð sem nýtt er sem bílastæði og lóð spennistöðvar við Skógarlund. Ekki er gert ráð fyrir nýjum lóðum í deiliskipulagi þessu.

### **2.3 Byggingarreitir**

Á skipulagsuppdraetti eru sýndir byggingarreitir á lóðum og skulu byggingar byggðar innan þeirra.

### **2.4 Veitur**

#### **2.4.1 Rafmagn og vatn**

Norðurorka á Akureyri sér svæðinu fyrir rafmagni, neysluvatni og heitu vatni.

Samráð skal haft við Akureyrarbæ og Norðurorku vegna framkvæmda í nánd við núverandi lagnir, og möguleika á færslu lagna.

#### **2.4.2 Fráveita**

Öll mannvirki tengist fráveitukerfi Akureyrar. Kerfið er í samræmi við byggingarreglugerð nr. 441/1998 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp.

Frárennislögn liggur undir Dalsbraut austan KA heimilis og einnig undir fyrirhuguðum aðkomuvegi að Lundarskóla. Samráð skal haft við Akureyrarbæ vegna framkvæmda í nánd við núverandi lagnir, og möguleika á færslu lagna.

### **3 Almennir skilmálar**

#### **3.1 Almenn**

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda að jafnaði um allar byggingar og framkvæmdir í tengslum við deiliskipulag þetta.

#### **3.2 Hönnun og uppdrættir**

Húsagerðir eru frjálstar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

Þar sem hús eru samtengd skal samræma útlit, þakform, lita- og efnisval.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð (441/1998).

Vanda skal til hönnunar bygginga sbr. byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjastjórn 12. júní 2001.

#### **3.3 Mæliblöð**

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðarmörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir megin hlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð. Byggingarreitur sýnir lágmarksfjarlægð frá lóðarmörkum.

Mæliblöð sýna einnig viðmiðunarhæðir gangstétta og gatna við lóðarmörk, sem er þá einnig lóðarhæð á þessum mörkum.

#### **3.4 Sorpgeymslur og sorpgámar**

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við 84. gr. byggingareglugerðar (441/1998) í hverju tilviki.

#### **3.5 Frágangur lóða**

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 3 í byggingareglugerð (441/1998).

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

Lóðarhafi skal ganga frá lóð sinni meðfram opnum svæðum í þeirri hæð, sem sýnd er á mæliblöðum, og bera allan kostnað af því.

### 3.6 íbúðarsvæði

Svæðið austan vegastæðis Dalsbrautar einkennist meira og minna af einlyftum einbýlishúsum á fremur stórum lóðum, en við Einilund eru þó raðhús sem einnig eru einlyft. Við Þrastarlund er eitt tvílyft einbýlishús, við Þrastarlundi og Skógarlund eru tvö hús annað er sambýli fyrir fatlaða en hitt er hæfingarstöð.

Vestan vegastæðis Dalsbrautar er meiri fjölbreytni í húsagerð. Við Grenilund eru einlyft parhús með kjallara og sum þeirra eru með ris. Við Kjarrlund og Barrlund eru lítil einlyft einbýlishús með risi. Raðhús á tveimur hæðum eru við Heiðarlund og er hvert þeirra með 7-12 íbúðum og við sum húsinn eru bílgeymslur, sambyggðar eða stakstæðar. Við Hlíðarlund er raðhús á tveimur hæðum

#### 3.6.1 Háilundur og Hjarðarlundur

Við Háalund og Hjarðarlund eru 24 íbúðarlóðir og á þeim öllum eru einlyft íbúðarhús sem byggð voru á árunum 1973 - 1976. Kjallari er við hús nr. 11 við Hjarðarlund. Byggingarreitir er skilgreindir innan lóða og ná þeir utan um núverandi byggingar auk þeirra stækkunarmöguleika sem eru innan hvernar lóðar.

Á þeim lóðum sem ekki hafa bílgeymslur er gert ráð fyrir möguleika á sambyggðri eða stakstæðri bílgeymslu. Þar sem bílgeymslur er stakstæðar er gert ráð fyrir þeim möguleika að byggt sé á milli íbúðarhúss og bílgeymslu. Útlit bílgeymsla skal vera í samræmi við núverandi hús.

Innan allra lóða er gert ráð fyrir möguleika á byggingu sólskála til suðurs eða vesturs, innan byggingarreits. Sólstofur skulu að hámarki vera 15 m<sup>2</sup> og 45 m<sup>3</sup>.

Nýtingarhlutfall er skilgreint innan hvernar lóðar og er það miðað við áðurnefnda möguleika á auknu byggingarmagni. Nýtingarhlutfall lóða er skilgreint á deiliskipulagsupprætti.

Hámarkshæð bygginga á hverri lóð skal ekki fara yfir núverandi hæð aðalbyggingar.

#### 3.6.2 Þrastarlundur

Við Þrastarlund 1 er tvílyft einbýlishús frá árinu 2001. Innan lóðar er gert ráð fyrir möguleika á byggingu sólskála til suðurs, innan byggingarreits. Sólstofa skal að hámarki vera 15 m<sup>2</sup> og 45 m<sup>3</sup>. Nýtingarhlutfall er skilgreint innan lóðar og er það miðað við áðurnefnda möguleika á auknu byggingarmagni. Nýtingarhlutfall lóðar er skilgreint á deiliskipulagsupprætti.

Á lóðinni við Þrastarlundi 3-5 er einlyft hús með hálfniðurgröfnum kjallara og einlyftri viðbyggingu til norðurs. Húsið er byggt árið 1943 og er notað sem sambýli fyrir fatlaða. Innan byggingarreits er heimilt að reisa 3 nýjar íbúðaeiningar fyrir fatlaða með tilheyrandi þjónusturými á einni hæð. Þak er flatt, byggingarefni er steinsteypa og hámarkshæð á veggjum er 4 m. Lóðin er 3.130 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall lóðar má vera allt að 0,20. Gert er ráð fyrir 13 bílastæðum á lóðinni, staðsetning bílastæða er ekki bindandi.

### 3.6.3 Skógarlundur

Á lóðinni við Skógarlund 1 er einlyft þjónustuhús sem byggt var árið 1996 og er það notað sem hæfingarstöð fyrir fatlaða. Viðbygging er við húsið til vesturs og er sú viðbygging einlyft og hálfniðurgrafinn kjallari.

Nýtingarhlutfall lóðar er skilgreint á deiliskipulagsupprætti. Hámarkshæð bygginga á lóðinni skal ekki fara yfir núverandi hæð aðalbyggingar.

### 3.6.4 Grenilundur

Innan skipulagssvæðisins eru við Grenilund 5 íbúðarlóðir og á þeim öllum eru parhús með kjallara og eru sum þeirra með ris. Húsin voru byggð á árunum 1978 - 1983. Byggingarreitir er skilgreindir innan lóða og ná þeir utan um núverandi byggingar auk þeirra stækkunarmöguleika sem eru innan hvernar lóðar.

Innan allra lóða, við hverja íbúð, er gert ráð fyrir möguleika á byggingu sólskála til suðurs, innan byggingarreits. Sólstofur skulu að hámarki vera 15 m<sup>2</sup> og 45 m<sup>3</sup>.

Nýtingarhlutfall er skilgreint innan hvernar lóðar og er það miðað við áðurnefnda möguleika á auknu byggingarmagni. Nýtingarhlutfall lóða er skilgreint á deiliskipulagsupprætti. Hámarkshæð bygginga á hverri lóð skal ekki fara yfir núverandi hæð aðalbyggingar.

### 3.6.5 Kjarrlundur og Barrlundur

Kjarrlundur og Barrlundur eru 8 íbúðarlóðir. Á þeim öllum eru einlyft íbúðarhús sem byggð voru á árið 1995. Við hvora götu er sameignarlóð fyrir aðkomuleið að húsunum. Byggingarreitir er skilgreindir innan lóða og ná þeir utan um núverandi byggingar auk þeirra stækkunarmöguleika sem eru innan hvernar lóðar.

Innan allra lóða er gert ráð fyrir möguleika á byggingu sólskála, innan byggingarreits. Sólstofur skulu að hámarki vera 15 m<sup>2</sup> og 45 m<sup>3</sup>.

Nýtingarhlutfall er skilgreint innan hvernar lóðar og er það miðað við áðurnefnda möguleika á auknu byggingarmagni. Nýtingarhlutfall lóða er skilgreint á deiliskipulagsupprætti.

Hámarkshæð bygginga á hverri lóð skal ekki fara yfir núverandi hæð aðalbyggingar.

### 3.6.6 Birkilundur og Espilundur

Við Birkilund og Espilund eru 40 íbúðarlóðir og á þeim öllum eru einlyft íbúðarhús sem byggð voru á árunum 1968 - 1970. Byggingarreitir er skilgreindir innan lóða og ná þeir utan um núverandi byggingar auk þeirra stækkunarmöguleika sem eru innan hvernar lóðar.

Sambyggðar eða stakstæðar bílgeymslur eru á öllum lóðum. Á nokkrum lóðum sem upphaflega höfðu stakstæðar bílgeymslur hefur verið byggt á milli íbúðarhúss og bílgeymslu. Þar sem bílgeymslur er stakstæðar er gert ráð fyrir þeim möguleika að byggt sé á milli íbúðarhúss og bílgeymslu. Útlit bílgeymsla skal vera í samræmi við núverandi hús.

Við nokkur hús við Birkilund og Einilund hefur þakformi húsa verið breytt. Upphaflega voru öll hús við göturnar með flötu þaki en þakformi nokkurra húsa hefur verið breytt í mænispak eða valmapak.

Innan allra lóða er gert ráð fyrir möguleika á byggingu sólskála til suðurs eða vesturs, innan byggingarreits. Sólstofur skulu að hámarki vera 15 m<sup>2</sup> og 45 m<sup>3</sup>.

Nýtingarhlutfall er skilgreint innan hvernar lóðar og er það miðað við áðurnefnda möguleika á auknu byggingarmagni. Nýtingarhlutfall lóða er skilgreint á deiliskipulagsupprætti.

Hámarkshæð bygginga á hverri lóð skal ekki fara yfir núverandi hæð aðalbyggingar, en þó er heimilt að breyta þakaformi í valmapak eða mænispak þar sem flöt þök eru. Við þessa breytingu er heimilt að hækka hámarkshæð þessara húsa um allt að 1,5 m.

### 3.6.7 Einilundur

Við Einilund eru 5 íbúðarlóðir og á þeim öllum eru einlyft raðhús sem byggð voru á árunum 1969 - 1970. Byggingarreitir er skilgreindir innan lóða og ná þeir utan um núverandi byggingar auk þeirra stækkunarmöguleika sem eru innan hvernar lóðar.

Innan allra lóða, við hverja íbúð, er gert ráð fyrir möguleika á byggingu sólskála til vesturs, innan byggingarreits. Sólstofur skulu að hámarki vera 15 m<sup>2</sup> og 45 m<sup>3</sup>.

Nýtingarhlutfall er skilgreint innan hvernar lóðar og er það miðað við áðurnefnda möguleika á auknu byggingarmagni. Nýtingarhlutfall lóða er skilgreint á deiliskipulagsupprætti.

Hámarkshæð bygginga á hverri lóð skal ekki fara yfir núverandi hæð aðalbyggingar.

### 3.6.8 Heiðarlundur

Við Heiðarlund eru 8 íbúðarlóðir og á þeim öllum eru raðhús á tveimur hæðum með 7-12 íbúðum og við sum húsin eru bílgeymslur, sambyggðar eða stakstæðar. Húsin voru byggð á árunum 1974 - 1977. Byggingarreitir er skilgreindir innan lóða og ná þeir utan um núverandi byggingar auk þeirra stækkunarmöguleika sem eru innan hvernar lóðar.

Innan allra lóða, við hverja íbúð, er gert ráð fyrir möguleika á byggingu sólskála til suðurs, innan byggingarreits. Sólstofur skulu að hámarki vera 15 m<sup>2</sup> og 45 m<sup>3</sup>.

Nýtingarhlutfall er skilgreint innan hvernar lóðar og er það miðað við áðurnefnda möguleika á auknu byggingarmagni. Nýtingarhlutfall lóða er skilgreint á deiliskipulagsupprætti.

Hámarkshæð bygginga á hverri lóð skal ekki fara yfir núverandi hæð aðalbyggingar.

### 3.6.9 Hlíðarlundur

Innan skipulagssvæðisins eru við Hlíðarlund ein íbúðarlóð og á henni er raðhús á tveimur hæðum með kjallara sem byggt var árið 1990. Byggingarreitur er skilgreindur innan lóðar og nær hann utan um núverandi byggingu auk þeirra stækkunarmöguleika sem eru innan lóðar.

Innan lóðar, við hverja íbúð, er gert ráð fyrir möguleika á byggingu sólskála til vesturs, innan byggingarreits. Sólstofur skulu að hámarki vera 15 m<sup>2</sup> og 45 m<sup>3</sup>.

Nýtingarhlutfall er skilgreint innan lóðar og er það miðað við áðurnefnda möguleika á auknu byggingarmagni. Nýtingarhlutfall lóðar er skilgreint á deiliskipulagsupprætti.

Hámarkshæð bygginga á hverri lóð skal ekki fara yfir núverandi hæð aðalbyggingar.

## 4 Umhverfisskýrsla

Megintilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá helstu mögulegum umhverfisáhrifum sem framkvæmd Dalsbrautar skv. deiliskipulagsi þessu er líkleg til að hafa á umhverfið. Þá er reynt að segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Markmið með matsvinnunni er jafnframt að sýna fram á að við gerð deiliskipulagstillögu hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið.

Matsvinna var unnin samhliða deiliskipulagsvinnu. Í matsvinnu var skoðað hvernig tillaga að deiliskipulagi kann að hafa áhrif á umhverfið, sbr. matslýsingu. Megin áhersla umhverfismats var á hljóðvist og umferðaröryggi. Skipulagsstofnun gerði í umfjöllun sinni um matslýsingu m.a. athugasemdir þess eðlis að einnig þyrfti í umhverfismatinu greina frá mögulegum áhrifum á eignir og landslag.

Mismunandi valkostir voru ekki til samanburðar í þessu umhverfismati.

Umvhverfisskýrslan er unnin af X2 hönnun-skipulag ehf. í samráði við skipulagsdeild Akureyrarbæjar.

### 4.1 Áherslur og aðferðarfræði

Í vinnu við deiliskipulag var farið yfir hvaða þætti væri æskilegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu nákvæmlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

Umvhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis.

Við umhverfismat deiliskipulagsins er ekki farið í sérstakar rannsóknir heldur er stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnsástand umhverfis ásamt þeim gögnum sem til eru og hafa verið unnin í tengslum við athugun á þörf fyrir lagningu Dalsbrautar. Þessi gögn eru m.a. eftirfarandi:

- *Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Greinargerð og uppdráttir.*
- *EFLA verkfræðistofa, mars 2010. Athugun á þörf fyrir lagningu Dalsbrautar sunnan Þingvallastrætis. Greinargerð. Unnið fyrir Akureyrarbæ.*
- *EFLA verkfræðistofa, maí 2010. Hljóðvist við Dalsbraut, Akureyri. Greinargerð. Unnið fyrir Akureyrarbæ.*

- *EFLA verkfræðistofa, 22.06.2011. Hljóðvist, endurskoðun hljóðvarna við Dalsbraut, Akureyri. Minnisblað. Unnið fyrir Akureyrarbæ.*
- *EFLA verkfræðistofa, 19.05.2010. Mat og þörf á Dalsbraut. Ávinningur og kostnaður, lagning Dalsbrautar og aðrar aðgerðir. Minnisblað. Unnið fyrir Akureyrarbæ.*
- *Línuhönnun, maí 2004. Dalsbraut/Miðhúsabaut. Hvaða leið skal valin m.t.t. umferðartækni og hljóðvistar. Greinargerð. Unnið fyrir Akureyrarbæ.*
- *Línuhönnun, maí 2003. Hljóðstigi við Dalsbraut og Miðhúsabaut. Greinargerð. Unnið fyrir Akureyrarbæ.*

Framsetning umhverfismats er í formi texta og venslataflna.

#### **4.2 Kynning og samráð**

Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats deiliskipulagsins, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir.

Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma deiliskipulagsins:

- *Skipulagsstofnun*
  - *Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismats áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
- *Umhverfisstofnun*
  - *Vegna mögulegra umhverfisáhrifa á loftgæði og hljóðvist og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.*

#### **4.3 Umhverfispættir**

Í umhverfisskýrslu deiliskipulags eru eftirfarandi umhverfispættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- *Hagrænir þættir*
  - *Samgöngur*
  - *Húseignir og lóðir*
- *Félagslegir þættir*
  - *Tómstundir*
  - *Verslun og þjónusta*
- *Landslag*
  - *Sjónræn áhrif*

- *Heilsa og öryggi*
  - *Hljóðvist*
  - *Umferðaröryggi*
  - *Loftgæði*

Aðrir umhverfispættir eru ekki taldir muni verða fyrir áhrifum innan deiliskipulagssvæðisins.

Í matslýsingu var gert ráð fyrir að samfélagsþjónusta væri einn af þeim þáttum undir félagslegum þáttum sem metnir yrðu í umhverfisskýrslu. Við nánari athugun var ekki talin þörf á að meta áhrif Dalsbrautar á samfélagsþjónustu og því er sá þáttur ekki meðal umhverfispátta í umhverfisskýrslu.

Þeir umhverfispættir sem bæst hafa við frá matslýsingu eru möguleg umhvelisáhrif á eignir og landslag.

Þeir umhverfispættir sem talið er að geti orðið fyrir mestum umhverfisáhrifum eru hljóðvist og umferðaröryggi, þar sem gatan mun liggja í gegnum íbúðarhverfi og þvera skólahverfi.

Gerð verður grein fyrir mögulegum mótvægisaðgerðum þar sem að umhverfisáhrif eru í einhverjum af áðurtöldum þáttum talin vera veruleg.

#### **4.4 Umhverfisviðmið**

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Í deiliskipulagi eru eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- *Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018*
  - *Sérstaklega hvað varðar samgöngur og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.*
- *Skipulagslög nr. 123/2010.*
  - *Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.*
- *Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
  - *Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.*
- *Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.*
  - *Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.*
- *Reglugerð um hávaða*

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- (+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt.
  - Deiliskipulag styður viðmið viðkomandi umhverfispáttar.
- (0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt.
  - Deiliskipulag hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.
- (-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt.
  - Deiliskipulag vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfispáttar.

#### 4.5 Valkostir

Borin eru saman möguleg umhverfisáhrif vegna framkvæmdar deiliskipulagsins við líklega þróun umhverfis án framfylgdar þess, núll kost.

Þá er fjallað um hvernig deiliskipulagið fellur að meginmarkmiðum gildandi aðalskipulags Akureyrar.

##### 4.5.1 Hagrænir þættir

- *Samgöngur*  
Framkvæmd Dalsbrautar skv. deiliskipulagi mun hafa jákvæð áhrif á samgöngur. Framkvæmdin mun stytta akstursvegalengdir, tengja hverfi betur saman, stuðla að heilsteypara gatnakerfi Akureyrar og stuðla þannig að jafnari dreifingu umferðar. Þá gerir deiliskipulagið ráð fyrir miklu göngu- og hjólareiðastígakerfi umhverfis Dalsbraut og með því mun aðgengi gangandi og hjólandi batna til muna um svæðið og tengingar við aðliggjandi hverfi verða betri.
- *Húseignir og lóðir*  
Framkvæmd Dalsbrautar skv. deiliskipulagi mun hafa óveruleg áhrif á húseignir og lóðir. Í umhverfismatinu var athugað hvort framkvæmd Dalsbrautar skv. deiliskipulagi muni koma til með að hafa áhrif á húseignir eða lóðir í nánd við götustæðið. Farið var yfir ýmsa framkvæmdaþætti svo sem götuna sjálfa, stíga, og líklegt umfang hljóðmana. Niðurstaðan er að engar lóðir munu raskast vegna fyrirhugaðra framkvæmda í fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi.  
Ekki er heldur talið að framkvæmd Dalsbrautar skv. deiliskipulagi muni hafa veruleg áhrif á húseignir, s.s. verðgildi þeirra. Hljóðstig mun vera innan viðmiðunarmarka og loftmengun frá umferðinni við íbúðarhús verður innan viðmiðunarmarka skv. reglugerð nr. 251/2002. Vera má að umhverfisáhrifin verði einhver þar sem umferð mun vera um svæði í nánd við hús og lóðir þar sem áður var óbyggt svæði en ekki er talið að þessi áhrif verði veruleg. Jákvæðir þættir á húseignir geta verið að betra aðgengi verður að og frá hverfinu, fyrir akandi, gangandi og hjólandi umferð.

#### 4.5.2 Félagslegir þættir

- *Tómstundir*

Framkvæmd Dalsbrautar skv. deiliskipulagi mun hafa jákvæð áhrif á tómstundir. Betra aðgengi verður að íþróttasvæði KA, sér í lagi frá Naustahverfi. Fyrir er aðgengi frá Naustahverfi að Íþróttasvæði KA fremur erfitt, sér í lagi fyrir akandi umferð. Með tilkomu Dalsbrautar mun þetta aðgengi stórbatna og því eru áhrif á tómstundir talin jákvæð.

- *Verslun og þjónusta*

Framkvæmd Dalsbrautar skv. deiliskipulagi mun hafa jákvæð áhrif á verslun og þjónustu. Í Naustahverfi er aðeins ein matvöruverslun en önnur verslun og þjónusta er ekki til staðar í hverfinu. Tengingar frá Naustahverfi að verslun og þjónustu á Akureyri, t.d. Glerártorgi, mun batna verulega með tilkomu Dalsbrautar og munu vegalendir að slíkum svæðum styttest til muna.

#### 4.5.3 Landslag

Sjónræn áhrif á yfirbragð hverfisins eru talin vera óveruleg eða neikvæð vegna framkvæmdar Dalsbrautar skv. deiliskipulagi. Ljóst er að gatan og hljóðvarnir umhverfis hana geta valdið staðbundnum neikvæðum sjónrænum áhrifum í íbúðarbyggð en með útfærslu á hljóðvörnum og umhverfi götunnar sem gert er ráð fyrir í deiliskipulaginu er ekki gert ráð fyrir að þessi áhrif verði veruleg. Yfirbragð hverfisins mun vissulega breytast til frambúðar með tilkomu Dalsbrautar og að því leyti eru áhrifin talin vera neikvæð.

#### 4.5.4 Heilsa og öryggi

- *Hljóðvist*

Í umhverfismatinu voru fyrirbyggjandi gögn frá EFLU verkfræðistofu um hljóðvist við Dalsbraut rýnd. Í þeim gögnum var komist að þeirri niðurstöðu að grípa þurfi til mótvægisáðgerða á nokkrum stöðum meðfram Dalsbraut til að draga úr áhrifum á íbúðarbyggð og ná viðmiðunargildum reglugerðar um hljóðvist.

Grípa þarf til mótvægisáðgerða vegna hávaða frá umferð Dalsbrautar sunnan Skógarlundar, beggja megin fyrirhugaðrar götu, en á þessum kafla er gert ráð fyrir að hámarkshraði á Dalsbraut verði 50 km/klst. Mótvægisáðgerðum verður hagað í samræmi við niðurstöður útreikninga og er gert ráð fyrir hljóðvörnum meðfram íbúðarbyggð. Með þeim áðgerðum verður hljóðstig í öllum tilfellum innan við viðmiðunarmörk sem er 55 dB.

Ekki er þörf á mótvægisáðgerðum vegna hávaða frá umferð um Dalsbraut norðan Skógarlundar, en á þessum kafla er gert ráð fyrir að hámarkshraði á Dalsbraut verði 30 km/klst.

Með tilliti til mótvægisáðgerða verða áhrif umferðar um Dalsbraut á hljóðvist óveruleg.

- *Umferðaröryggi*

Útfærsla á Dalsbraut sunnan Skógarlunda miðast við að takmarka hámarksumferðarhraða við 50 km/klst. Á þessum kafla er á einum stað gert ráð fyrir gangbraut með miðeyju.

Útfærsla á Dalsbraut norðan Skógarlunda miðast við að takmarka hámarksumferðarhraða við 30 km/klst. Meðal aðgerða eru gangbrautarljós með miðeyju á tveimur stöðum sem verða þannig útfærð að rautt ljós verður að staðaldri bæði á akandi og gangandi umferð. Umferð akandi mun ekki fá grænt ljós nema skynjarar gefi til kynna að enginn umferð gangandi sé í nánd við gangbraut. Ef akandi umferð er yfir leyfilegum hámarkshraða mun grænt ljós ekki birtast fyrr en umferð hefur stöðvast við gangbraut. Gangandi vegfarendur þurfa alltaf að ýta á hnapp við umferðarljós til að fá grænt ljós sem heimilar þeim að ganga yfir götuna.

Með þessum aðgerðum er stuðlað að meira umferðaröryggi en á beinum hindrunarlausum vegi. Umferðarhraði er meginatriði í umferðaröryggi í íbúðarhverfum og á svæðum þar sem fara saman umferð óvarinna vegfarenda (gangandi og hjólandi) og bílaumferð. Líkur á alvarlegum slysum eru mun meiri við 50 km hraða en 30 km hraða.

Framkvæmdin sem áætlunin leiðir af sér er talin hafa óveruleg áhrif á umferðaröryggi.

- *Loftgæði*

Framkvæmd Dalsbrautar skv. deiliskipulagi mun hafa óveruleg áhrif á loftgæði.

Ekki voru í þessu umhverfismati gerðar sérstakar mælingar eða útreikningar til að meta umfang loftmengunar vegna framtíðar umferðar á Dalsbraut. Til að greina frá mögulegu umfangi loftmengunar vegna útblásturs bíla og svifryks frá umferð var litið til útreikninga og mælingar fyrir ýmsar stofnbrautir á höfuðborgarsvæðinu þar sem umferð og hraði er mun meiri en áætlað er á Dalsbraut. Sem dæmi má taka Hallsveg og Arnarnesveg en á þessum götum er gert ráð fyrir a.m.k. fjórfalt meiri umferð en um Dalsbraut en samt sem áður er niðurstaða útreikninga í megin dráttum sú að almennt verður loftmengun vegna útblásturs bílaumferðar undir viðmiðunarmörkun reglugerðar nr. 251/2002.

Skv. umferðarspám má gera ráð fyrir að umferð um Dalsbraut verði allt að 4.000 bílar á sólahring og ekkert bendir til þess að slík umferð muni hafa veruleg staðbundin áhrif á loftgæði í nánd við Dalsbraut. Tilkoma Dalsbrautar mun stytta akstursvegalengdir og stuðla þannig að jafnari dreifingu umferðar um Akureyri. Leiða má að því líkur að áhrif á loftgæði á Akureyri verði mögulega jákvæð frekar en neikvæð þar sem minni heildar bílaumferð vegna styttri akstursvegalengda mun að öllum líkindum verða með tilkomu Dalsbrautar.

#### 4.5.5 Núll kostur

Núll kostur er sá möguleiki að ekki verði ráðist í framkvæmd við lagningu Dalsbrautar og að núverandi ástand muni ríkja áfram innan deiliskipulagssvæðisins.

Núllkostur mun hafa neikvæð áhrif á tómsstundir og verslun- og þjónustu. Naustahverfi er sá hluti Akureyrar þar sem mest uppbygging íbúðarbyggðar á sér stað og mun eiga sér stað á næstu árum eða áratugum. Sífellt verður því meiri þrýstingur frá íbúum hverfisins að

Dalsbraut verði lögð. Með auknum íbúafjölda í Naustahverfi eru áhrif núverandi ástands talin vera neikvæð á áðurnefnda umhverfispætti og munu þessi neikvæðu áhrif einungis aukast með tíð og tíma.

Í öðrum tilfellum er núll kostur, núverandi ástand, talin hafa óveruleg áhrif á umhverfispætti.

#### 4.6 Tengsl við aðrar áætlanir

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 og fellur að þeim markmiðum sem sett eru fram í aðalskipulaginu.

Höfundar aðalskipulagsins vænta þess ef Dalsbraut verður lögð muni leiðir styttest, samgöngur milli hverfa verði greiðari og hugsanlega verði heildarbílaumferð minni en ella. Þeir eru þó jafnframt meðvitaðir um hugsanleg neikvæð áhrif götunnar á yfirbragð, hljóðvist og umferðaröryggi.

#### 4.7 Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að deiliskipulagið í heild muni hafa í för með sér óveruleg áhrif á umhverfið. Áhrif á samgöngur, tómsundur og verslun- og þjónustu veru talin vera jákvæð en mögulegt er að neikvæð áhrif verði á sjónræn áhrif á yfirbragð hverfisins.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér að neðan.

| <i>Umhverfispættir</i>    |                      | <i>Dalsbraut skv. deiliskipulagi</i> | <i>Núll kostur</i> |
|---------------------------|----------------------|--------------------------------------|--------------------|
| <i>Hagrænir þættir</i>    | Samgöngur            | +                                    | 0                  |
|                           | Húseignir og lóðir   | 0                                    | 0                  |
| <i>Félagslegir þættir</i> | Tómsundur            | +                                    | -                  |
|                           | Verslun- og þjónusta | +                                    | -                  |
| <i>Landslag</i>           | Sjónræn áhrif        | 0 / -                                | 0                  |
| <i>Heilsa og öryggi</i>   | Hljóðvist            | 0                                    | 0                  |
|                           | Umferðaröryggi       | 0                                    | 0                  |
|                           | Loftgæði             | 0                                    | 0                  |

## Samþykktir

Tillaga að deiliskipulagi þessu var auglýst frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_

Deiliskipulag þetta var samþykkt af skipulagsnefnd Akureyrar þann \_\_\_\_\_

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010, var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Bæjarstjóri Akureyrar

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda

þann \_\_\_\_\_

## Heimildaskrá

Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Greinargerð og uppdættir.

EFLA verkfræðistofa, mars 2010. *Athugun á þörf fyrir lagningu Dalsbrautar sunnan Þingvallastrætis. Greinargerð.* Unnið fyrir Akureyrarbæ.

EFLA verkfræðistofa, maí 2010. *Hljóðvist við Dalsbraut, Akureyri. Greinargerð.* Unnið fyrir Akureyrarbæ.

EFLA verkfræðistofa, 19.05.2010. *Minnisblað. Mat og þörf á Dalsbraut. Ávinningur og kostnaður, lagning Dalsbrautar og aðrar aðgerðir.* Unnið fyrir Akureyrarbæ.

Línuhönnun, maí 2004. *Dalsbraut/Miðhúsabraut. Hvaða leið skal valin m.t.t. umferðartækni og hljóðvistar. Greinargerð.* Unnið fyrir Akureyrarbæ.

Línuhönnun, maí 2003. *Hljóðstigi við Dalsbraut og Miðhúsabraut. Greinargerð.* Unnið fyrir Akureyrarbæ.